

Sigurður Ásbjörnsson
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

8. september 2017
UST201708-069/P.B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Skólpdreinsivirkir við Hótel Reynihlíð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 10. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdarsvæðið er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og þar að auki innan vatnasviðs Mývatns og Laxár.

Í greinargerð kemur fram að markmið framkvæmdar sé að tryggja að hreinsun skolps frá Hótel Reynihlíð og aðliggjandi byggð sem tengd er fráveitunni verði í fullu samræmi við þær ströngu kröfur sem gilda um skólpdreinsun á vatnasviði Mývatns og Laxár.

Lög um mat á umhverfisáhrifum

Í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 tölulið 11.05 kemur fram að skólpdreinsivirkir frá íbúðarbyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þaulnýtnum landbúnaði með afkastagetu sem svarar til 100 persónueininga eða meira á verndarsvæðum, svæðum á náttúruninjaskrá eða þar sem losað er í viðkvæma viðtaka fellur undir flokk B, þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er metið í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Verndarsvæði

Mývatns- og Laxárvæðið er verndað með sérstökum lögum nr. 97/2004 og er markmið laganna að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Í 4. gr. laganna kemur fram að forðast skuli þess að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinna, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns. Verndarsvæði Mývatns og Laxár er komið á rauðan lista Umhverfisstofnunar yfir svæði sem eru undir svo miklu álagi að talið er að bregðast þurfi strax við. Mývatns- og Laxárvæðið er Ramsarsvæði, en Ramsarsamningurinn er alþjóðlegur sáttmáli um vernd votlendissvæða sem Ísland er aðili að.

Reglugerð um verndun Mývatns og Laxár nr. 665/2012

Fram kemur í 24. grein reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár að skolp af vatnasiði Mývatns skuli hreinsa með svokallaðri ítarlegri skolphreinsun en tveggja þrepa. Í dag er skolphreinsun á svæðinu með siturbeðum með tveggja þrepa hreinsivirki og uppfyllir þar af leiðandi ekki reglugerð nr. 665/2012. Kröfurnar eru settar til verndar lífríki vatnsins og árinnar, og fela meðal annars í sér kröfu um hreinsun næringarefna úr skolpi.

Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009

Í 4. gr. laga nr. 9/2009 kemur fram að sveitarfélög beri ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélögum. Hinsvegar í samræmi greiðslureglu alþjóðlegs umhverfisréttar og íslensk náttúruverndarlög (Polluter Pays Principle) segir að að sá sem mengar berið greiða, svo krafan um að framkvæmdaraðili standi fyrir viðunandi frárennsli frá starfsemi sinni er eðlileg.

Umsagnir

Í umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands kemur fram að ef leyfa á aukna starfsemi, s.s. stækkan Hótels Reynihlíðar, þá verði að setja skilyrði um að allt frárennsli sé hreinsað með fullkomnustu tækni svo næringarefnamengun í Mývatni aukist ekki. Eins kemur fram í umsögn Heilbrigðisnefndar Norðurlandasvæðis eystra að hún hafnar áformum um stækkan Hótels Reynihlíðar nema frárennsli frá hótelinu verði hreinsað með ítarlegri skolphreinsun en tveggja þrepa eða leitt í lokað fráveitukerfi (safnkerfi).

Leyfi

Leyfi frá Umhverfisstofnun þarf vegna framkvæmda innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 97/2004.

Nálægð við Mývatn

Í greinargerð kemur fram að bakki Mývatns sé í 200 metra fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, að mati Umhverfisstofnunar væri öruggara ef hægt væri að finna hreinsistöðinni stað sem væri fjær bakka Mývatns, sérstaklega í ljósi þess að Mývatn er á rauðum lista Umhverfistofnunar yfir svæði sem eru „í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta til“.

Skolphreinsivirki

Umhverfisstofnun setur fyrirvara um að nota skuli eldri innviði til að útbúa nýtt skolphreinsivirki. Skolphreinsivirki með þriggja þrepa hreinsikerfi krefst daglegrar umsjónar og brýnt er að góð þekking á kerfinu sé til staðar og viðhald og önnur umsjón til fyrirmynadar. Útfæra þarf í starfsleyfi hvað mörg sýni verða tekin á ári til að athuga virkni hreiniskerfisins.

Umhverfisstofnun bendir á að það vantar upplýsingar um hve stórt hreinsivirkid mun vera, hvað mikið skólp það tekur á sólarhring og hvort það sé nógu stórt til að anna hótelinu. Í greinargerð kemur ekki fram hve margar persónueiningar skolphreinsivirkid afkastar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að seyran verði fjarlægð af vatnsviði Mývatns og Laxár og að henni verði ekki komið fyrir innan þess svæðis.

Sjónræn áhrif

Í greinargerð kemur fram að nýja skolphreinsieiningin verður að mestu niðurgrafin. Sýnilegur hluti mannvirkis eru hlerar, ekki hærri en hálfur metri upp fyrir yfirborð, á þaki eininganna auk kassa fyrir stjórnþúnað. Í greinargerð kemur fram að draga megi úr sýnileika mannvirkja með vandaðri landslagshönnun. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að öll mannvirki falli sem best að umhverfi. Mynd af sambærilegu hreinsivirkni á Flatskalla í Mývatnssveit er sýnd til hliðsjónar (mynd 4 í greinargerð) en þar er girðing umhverfis eininguna til að takmarka aðgengi, að mati Umhverfisstofnunar eru töluverð sjónræn áhrif frá girðingunni og mætti útfæra á betri hátt. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að sýna hvernig útlit skolphreinsistöðvarinnar verði háttað áður en ráðist er í framkvæmdir og fleiri möguleikar skoðaðir, sérstaklega hvað varðar staðsetningu.

Niðurstaða

Í ljósi þess að verndarsvæði Mývatns og Laxá er á rauðum lista Umhverfisstofnunar og að óvissa ríki með staðsetningu, áhrif staðsetningu, umsjón, útlitshönnun og afkastagetu þá telur Umhverfisstofnun að ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri